

KJARVAL

40% afsláttur

539 KR. KG
Móa ferskur kjúklingur

30% afsláttur

459 KR. KG
Góða súpukjöt poki - frosin

169 KR. PK.
Góða kæfur 4 tegundir

798 KR. KG
Góða Gourmet ungnautahakk

988 KR. KG
Frosin gsa í raspi

898 KR. PK.
Freschetta pizza 2 í pk.

129 KR. STK.
Sprite og Sprite zero 2 lítrar

399 KR. STK.
Meistarar marmarakaka

423 KR. KG
Nings Jasmine hrísgrjón - 2kg

499 KR. PK.
Super þvottaefni 3 kg

139 KR. PK.
Rolo 3 í pk.

389 KR. PK.
Weetaflex 375 g

- Þín tilboð í Kjarval -

ÖLL VÆRÐ ERU BIRT MED FYRIRVARA UM PRENTVILLU OG/EDA MYNDAFR.

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Frá Ásakórnum

Vetrarstarfið hefst með aðalfundi og æfingu fimmtudaginn 9. október kl. 21:00

Venjulega aðalfundarstörf Gamlir og nýir félagar velkomnir

Hittumst heil í Tunguseli Stjórnin

VÍSUR VIKUNNAR

Hallgrímur lýkur Passíusálmum

Ó loksins – og hann leggur seint til hliðar hinn léttu fjödurstaf og blaðar þögull í verki sínu, veit að nú er allt sem vildi hann öðrum segja fólgið þar fullskapað, heilt og hreinna en jarðarvatn.

Rís svo á fætur, finnur sviða á ný hin fúlu kaun sem aldrei batna, en dýpka og breiðast út; sem hefði andlit hans og hendurnar til yztu fingurgóma ei annað hlutverk átt að rækja á jörð en innibyrgeja, geyma þetta verk og mætti nú opnast eins og bresti skurn utan af hinum fullþroskaða blóma.

Hannes Pétursson

VITINN á www.sudurland.net

Félag eldri borgara í Skaftárhrepp

byrjar vetrarstarfið með boðun fundar á Hótel Kirkjubæjar-klaustri **mánudaginn 13. október kl. 13.30**

Nýir félagar alltaf velkomnir Stjórnin

Haust

Allt fram streymir endalaust, ár og dagar líða. Nú er komið hrímkalt haust, horfin sumars blíða.

Fölna grös, en blikna blóm, af björkum laufin detta. Dauðalegum drynur óm dröfn við fjarðarkletta.

Allt er kalt og allt er dautt, eilífur ríkir vetur. Berst mér negg í brjósti snautt, en brostið ekki getur.

Kristján Jónsson

SMÁAUGLYSINGAR



Systra
kaffi

Systrakaffi auglýsir;

Villibráðahláðborð helgina 14. - 15. nóvember

Nánari upplýsingar og borðapantanir í s. 487-4848

KLAKKUR

VÍK Í MÝRDAL SÍMI: 487-1223

Útsölulok 11/10 '08

10% viðbótarafsláttur af fatnaði = 40-60%


Dragtir, buxur pils og jakkar í no. 46-52

Blend herra gallabuxur no. 28-36 á 4.990,-

Kvengallabuxur no. 25-48 á 2.500,-


Kerti á 50 % afslætti

Klakkur ehf
Smiðjuvegi 9 Vík
S. 487-1223



Til sölu 27 fermetra heilsárshús, að mestu frágengið að utan, hrátt að innan. Tilbúið til flutnings. Upplýsingar um verð og fleira á www.modulhus.is, modulhus@modulhus.is eða í síma 451-1112

Ath. að hér er um að ræða alvöru hús, vel einangrað, með þrefalt gler í gluggum.



Sveinn Þorsteinsson formaður RKI Vík sendi Vitanum þessa mynd af duglegum ungmennum sem héldu tombólu um miðjan ágúst við andyri Íþróttahús og söfnuðu þau kr. 10.596 upphæðina gáfu þau til Rauðakrossins. Á myndinni eru t.v. Elín Árnadóttir, Ástþór Jón Tryggvasson, Þuríður Inga Gísladóttir, Ólöf Sigurlín Einarsdóttir, Aron Bjartur Jóhannsson á myndina vantar Sigurð Á. Gíslasson.

Víkurkirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju nk.
sunnudag 12. október 2008, kl. 14:00.

Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista sem nýlega var ráðinn til að vera organisti í Víkur- og Skeiðflatarkirkjum.

Fjölmönnum til kirkju og ræktum samfélagið við Guð um leið og við bjóðum nýjan organista velkominn til starfa.

Á þrengingatímum í efnahagslífinu, er nauðsynlegt að heyra um von og blessun fagnaðarerindisins.

Væntanleg fermingarbörn næsta vors eru hvött til að mæta ásamt foreldrum sínum og forráðamönnum.

Sóknarprestur

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru Kirkjuskólans í Mýrdal næsta **laugardag kl. 11:15** í grunnskólanum í Vík.

Sóknarprestur

GÁTUR

Garðyrkjumaðurinn var að tína epli. Fimm þeirra fallegustu hefur hann sett í körfu. Hvernig getur hann skipt eplunum á milli fimm barna þannig að eitt eplið verði í körfunni

Garðyrkjumanninum er ekki bannað að gefa fimmta barninu körfuna með fimmta eplinu í. Þeirrar forsendu er ekki gætið.

Hvers vegna er eðlilegt að álykta að einn sjöundi hluti allra skipa farist á föstudegi?

Méðaltalstreikninnur yfir lengri tíma hlýtur óhjákvæmlega að skipra slysum af þessu tagi (eins og öllum öðrum atvikum) jafnt niður á vikudagana sfo, þessarrar forsendu er ekki gætið.

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

438. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 18. september 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur fram tillögu að dagskrár-breytingu þannig að fundargerð menningarmálanefndar verði tekin á dagskrá undir lið I-2 og samgöngumál undir lið III-10. Einnig að bréf Strætó bs. dags. 17. september 2008 verði tekið til afgreiðslu undir lið III-5. Samþykkt. Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 154. fundar fræðslunefndar frá 16. september 2008. Fundargerðin staðfest.

2. Fundargerð menningarmálanefndar frá 17. september 2008. Fundargerðin staðfest.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf félags- og tryggingarmálaráðuneytis dags. 1. september 2008. Samþykkt að taka þátt í umræddri rannsókn sem ráðuneytið vinnur að.

2. Bréf Styrktarfélags flogaveikra dags. 21. ágúst 2008. Samþykkt að veita styrk kr. 10.000,-

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Félagsleg heimaþjónusta - tillögur félagsmálanefndar / félagsmálastjóra. Samkvæmt tillögunum er m.a. gert ráð fyrir að ráðinn verði aðili í 100% starf hjá Félagsþjónustunni til að hafa yfirsýn yfir umsóknir um félagslega heimaþjónustu og annast verkstjórn hennar. Sveitarstjórn

samþykkir tillögunar fyrir sitt leyti.

2. Minjavörður á Suðurlandi - bréf Háskólafélags Suðurlands dags. 5. september 2008. Með bréfinu er hvatt til þess að sveitarstjórnir á Suðurlandi standi saman um að staða minjavarðar á Suðurlandi verði stofnuð með aðsetri að Skógum. Sveitarstjórn styður þessi áform.

3. Fjallskil - undanþágubeiðni. D-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu: Með vísan í 17. gr. fjallskilasamþykktar V-Skaftafellssýslu samþykkir sveitarstjórn að veita þeim fjáreigendum sem þess hafa óskað undanþágu frá álagningu fjallskilagjalds vegna fjárfjölda að því tilskyldu að ekkert fé komi frá þeim í safni eða eftirleitum. Fyrir liggur að allt fé umsækjenda er innan afgirtra beitarhólfa. Samþykkt með 3 atkvæðum (SP, ÞJ, SH) á móti einu (KP). Einn situr hjá (EE).

4. Dyrhólaey - tölvubréf Umhverfisstofnunar dags. 11. og 16. september 2008. Sveitarstjórn lýsir vonbrigðum yfir að boðuðum fundum um málefni Dyrhólaeyjar sé frestað hvað eftir annað og hvetur Umhverfisstofnun til að halda þá fundi sem boðaðir hafa verið.

5. Strætókostnaður námsmanna. Fyrir liggja tölvubréf Stúdentaráðs HÍ dags. 12. september 2008 og bréf Strætó bs. dags. 17. september 2008. Strætó bs. býður sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins að kaupa nemendakort fyrir þá íbúa sína sem stunda viðurkennt nám á framhalds- eða háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu og stúdentaráð hvetur sveitarfélög á landsbyggðinni að greiða slík kort. Á fyrri ári tóku sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem eru aðilar að Strætó bs. þá ákvörðun að bjóða nemum upp á gjaldfrjálсар almenningssamgöng-

ur. Þetta var kynnt sem liður í því að draga úr umferð um götur höfuðborgarsvæðisins og draga úr mengun. Eðlilega sátu því allir nemendur á höfuðborgarsvæðinu við sama borð óháð lögheimili. Nú virðist annað uppi á teningnum og umhverfissjónarmið ekki lengur ráðandi. Megin hluti menntastofnana Íslendinga eru á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögin þar hagnast á því að fá unga fólkið okkar til sín í nám. Námsmenn af landsbyggðinni eyða hverri krónu á höfuðborgarsvæðinu í húsaleigu og kaup á annarri þjónustu og því ekki nema sanngjarn að þeir njóti sömu kjara hjá höfuðborgarsveitarfélögunum og þeirra eigin íbúar. Sveitarstjóra er falið að senda stjórn Strætó bs., sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga bréf þar sem ofangreind sjónarmið eru kynnt.

6. Kötlusetur. Á fundi 437 var samþykkt að koma á fót Kötluasetri í samstarfi við þá aðila sem á því kunna að hafa áhuga. Fyrir liggja drög að skipulagsskrá fyrir sjálfs-eignarstofnunina Kötluasetur ásamt drögum að dagskrá málþings um Kötlu sem fram fer í Leikskálum laugardaginn 4. október n.k.

7. Líkgeymsla. Sveinn lýsir sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls og vikur af fundi. D-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð: Mýrdalshreppur tekur að sér rekstrarkostnað við líkkæli og heimilar sveitarstjóra að skrifa undir fyrirliggjandi leigusamning. Tillaga samþykkt með þeim breytingum að um ótímabundinn samning sé að ræða. samkv. húsnæðislögum.

Samþykkt með öllum atkvæðum. Sveinn kemur inn á fundinn.

8. Upplýsingaskilti. Sveitarstjóri leggur fram tillögu að upplýsingaskilti til að setja upp í Reynisfjöru. Tillagan hefur verið

unnin í samvinnu við Ferðamálastofu og Slysavarnafélagið Landsbjörg og verið send Umhverfisstofnun til umsagnar. Tillagan verður kynnt landeigendum á fundi 25. september n.k. þar sem óskað verður leyfis þeirra til uppsetningar.

9. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008. Umræðu frestað til næsta fundar.

10. Samgöngumál B-listinn leggur fram tillögu: Sveitarstjórn samþykkir að senda erindi til samgönguráðherra, samgöngunefndar Alþingis og þingmanna og ráðherra Suðurkjördæmis þar sem þeir eru hvattir til að beita sér fyrir því að ný þjóðleið um sveitarfélagið Mýrdalshrepp með jarðgöngum um Reynisfjall verði sett inn á endurskoðaða samgönguáætlun sem nú er í endurskoðun og liggur fyrir Alþingi. Samþykkt með öllum atkvæðum. D-listinn leggur fram bókun: Við styðjum þessa tillögu en vekjum athygli á að enn er beðið tillagna Vegagerðarinnar um veglínur og eftir er að fjalla um þær í skipulagsnefnd og sveitarstjórn og kynna almenningi. Sú umfjöllun getur væntanlega haft áhrif á skoðanir kjörinna fulltrúa og því óvarlegt að ganga fyrirfram út frá ákveðinni veglínu.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 415. fundar stjórnar SASS frá 20. ágúst 2008.

2. Fundargerð 416. fundar stjórnar SASS frá 15. september 2008.

3. Fundargerð 111. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 26. ágúst 2008.

4. Fundargerð 106. fundar stjórnar skólaskrifstofu Suðurlands frá 18. ágúst 2008.

5. Fundargerð 278. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 3. september 2008.

6. Fræðslumál - minnisblað sveitarstjóra dags. 10. september 2008.



Klaustur og Víkurbúar og nærsveitamenn!

*Verð á Kirkjubæjarklaustri dagana
18. og 19. október.*

**Pantið tíma í alla almenna snyrtingu
Upplýsingar í síma 861 9181
Heiðís Steinsdóttir snyrtifræðingur.**

Verð á Skaftárvöllum 2 á Klaustri

FRÁ RÍKA MÓRA

Bóndi bjó með konu sinni á Grímsstöðum undir Dimmafjallgarði í Norðursýslu. Hann var fátækur mjög. Á bænum var tók er gaut mórauðum hvolpi. Bóndi ól hann upp og hafði fyrir smalahund. Hvolpinum var gefið stekkjarlamb og var það gimbur. Móri varð svo fésæll að ekkert missti hann en fé það er honum var eignað tímgaðist vel svo tvö höfuð, sem menn segja, voru á kindum hans.

Gekk þetta til þess að Móri hafði eignast allt féð og búíð var orðið hans eign og kölluðu menn hann því ríka Móra að nú var komin auðlegð í stað örbirgðar á heimilinu. Svo mikið kvað að þessu dálæti á Móra að þegar mönnum var matur borinn eða annar greiði gerður eða nokkuð úti látið og hjónunum var þakkað fyrir mæltu þau að ekki skyldi þakka sér heldur honum ríka Móra.

Einhverju sinni var biskup á vísitasíuferð sinni og kom að Grímsstöðum. Var honum og mönnum hans gerð veisla og borinn matur í trogum, kútar voru í flösku

stað og askar fyrir stauþ.

Að endaþri veislunni þakkar biskup þeim hjónum greiða en þau mæltu að vanda að ekki skyldi þakka sér heldur ríka Móra sem ætti allt búíð.

Biskup spyr hvort það sé maður en þau segja að það sé rakki þeirra. Biskup kvað eigi mætti minna vera en hann fengi að sjá þann er veitt hefði og þakka eigi. Þau kváðu það velkomið.

Er þá gengið út á haug og liggur þar þá kvikindi eitt heyrnar- og sjónlaust, óræsti mikið, í einum flókabendli og afgangall.

Þá er biskup hefur litið á hundinn um stund mælti hann til sveins síns er Árni hét: "Sér þú þrælinn?"

Árni rak þá stúgvélin í haus Móra svo heilinn lá úti. Síðan gerir biskup hjónum þeim harðar ávítur og skipar presti þeirra að setja þeim opinbera skrift og aflausn fyrir villu þeirra og fornaskju.

En eftir það að Móri var dauður brá svo við að allt gekk af þeim hjónum og loks dóu þau af eynd og volæði.

*(J. Þork. -- Eftir sögn séra Friðriks Eggerts
1852.)*

Skemmtiferð.

Lionsklúbburinn Suðri og Hópferðabílar Suðurlands bjóða eldri borgurum á félagssvæðinu til dagsferðar, einhvern dag á næstunni, þegar vel viðrar.

(blásið verður til brottferðar með stuttum fyrirvara).

Farið verður kl. 10 að morgni frá Kaupþing banka.

Þar sem ekki hefur viðrað til siglingar við Dyrhólaey eins og fyrirhugað var, verður farið að Þorvaldseyri og skoðuð kornræktin hjá Ólafi Eggertssyni.

Síðan verður farið í ferðapjónustuna að Völlum og hún skoðuð, boðið verður upp á súpu, brauð og kaffi.

Þeir eldri borgarar, sem hafa áhuga og aðstæður til þess að koma með í þessa ferð, láti vinsamlega vita sem fyrst til:

Sigurðar Hjálmarssonar í síma :869-0170
Jóns Valmundssonar í síma: 487-1146

Lionsklúbburinn Suðri.

7. Bréf Þórðar Skúlasonar dags. 1. september 2008.

8. Yfirlýsing og bókun sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27. ágúst 2008.

9. Málstofa íslenskra sveitarfélaga um skólamál 6. október 2008.

10. Starfsmannamál grunnskóla - kynningartexti Sambands íslenskra sveitarfélaga.

11. Bréf dóms- og kirkjumálaráðherra dags. 9. september 2008.

12. Fundur með fjárlaganefnd 12. september 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri Karl Pálmason

Stökur um ást

Þú sífelld huga seiðir minn sem ég fyrir töfrum finn.
Ætíð brennur koss á kinn kossinn mjúki, ljúfi þinn.

Elsku hjartans yndið mitt, ástar ljúfa kona.
Enga hef ég áður hitt sem í mér kveikir svona.

Þú ert rósin, rósin mín rós í mínu hjarta.
Ávallt betur, skýrar skín skæra ástin bjarta.

Rósirnar eru farnar að fölna og fella blöðin sín.
Allt sem lifir, um síðir mun sölna seinast þú, ástin mín.

Á meðan fölur máninn skín merlar endurminning.
Um þig eina ástin mín okkar fyrsta kynning.

Yndisfalleg rauða rósin er roða slær á blöðin sín kemur til þín, kærleik ber kossa sendir, ástin mín

Geir Thorsteinsson 1948-

Fiskætasálmur


Afbragðsmatur er ýsan feit, ef hún er bæði fersk og heit, soðin í sjóarblandi.
Líka þrísá ég lúðuraf.
Lax og silungur ber þó af hverskyns fisk hér á landi.
Langan svangan magann seður, soltinn gleður.
Satt ég greini.
Úldin skata er iðra reynir.

Morkinn hákarl, sem matar hníf, margra gerir að krenkja líf.
Ríkismenn oft það reyna.
Um háfinn hugsa húskar meir.
Hann í eldinum steikja þeir.
Brjósk er í staðinn beina.
Hlýrinn rýri, halda menn af honum renni hræðileg feiti.
En rauðmagi er besti rétturinn heiti.

Karfinn feitur ber fínan smekk.
Fáum er spány keilan þekk.
Upsinn er alls á milli.
Þorskurinn, sem í þaranum þrífst, þrefaldur út úr roðinu rífst.
Frá ég hann margan fylli.
Þorskinn, roskinn, rifinn, harðan, rétt óbarðan ráð er besta að bleyta í súru á borð fyrir presta.

*Höfundur:
Hallgrímur Pétursson*

Regnboginn- list í fögru umhverfi



Aðstandendur Ragnbogans þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn til að gera veislu liðinnar helgi mögulega.

Fyrirtæki, sjóðir og einstaklingar sem lögðu fram styrki til að fjármagna hátíðina, allir listamenn og handverksfólk sem tóku þátt í dagskránni og síðast en ekki síst heimamenn og gestir sem mættu á viðburði og nutu þess sem boðið var upp á, hafið öll heila þökk fyrir frábæra helgi.

*"Þar sem kærleikur og snilli taka höndum saman getur þú vænst
meistaraverks"*

(höf. ókunnur)

Sif, Helga, Anna, Pétur og Elli



Hvítmaga var smöluð helgina 27. 28. sept. Hvítmaga liggur milli Skógafjalls og Sólheimaeiðar í Mýrdal og er ekki hægt að komast yfir í Hvítmögu nema með því að fara yfir Sólheimajökul sem er skriðjökull úr Mýrdalsjökli. Að sögn Einars Guðna Þorsteinssonar bónda á Ytri Sólheimum smalaðist nokkuð vel þó að enn sé vitað af nokkrum kindum eftir. Þetta er fjórða árið sem þeir bræður á Ytri Sólheimum og Brekkum reka fé í Hvítmögu, og þó að jökullinn sé flugháll eftir miklar rigningar undanfarið og smalarnir séu vel vopnaðir fjallajárnum og fjalla-stöngum fóta kindurnar sig ótrúlega vel á svellinu. Einar Guðni taldi að féð væri vænt eftir gott sumar.

Mynd og texti: Jónas Erlendsson

Icelandair Hotels KLAUSTUR

Nú á haustmánuðum eru fram undan heljarins matarveislur af ýmsum toga á Icelandairhotel Klaustri þar sem matreiðslumaðurinn fer létt með að töfra fram hvern réttinn á fætur öðrum.

Villibráðarhlaðborð.

Laugardagskvöldin 1. nóvember, 8. nóvember, 15. nóvember og 22. nóvember verðum við með okkar margrómuðu villibráðarhlaðborð þar sem hlaðborðið svignar undan kræsingunum.

Verð pr. mann með dansleik er kr. 6.950

Jólahlaðborð.

Laugardagskvöldin 29. nóvember og 6. desember verðum við með jólahlaðborð á "rólegum og rjómantískum nótum" á Hótel Klaustri"

Verð pr. mann er kr. 5.950.

Á Hótel Klaustri tökum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á árshátíð, gleðjast með starfsfélögum, saumaklúbbnum eða vinahópnum, halda upp á afmælið þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drykk.

Gerum tilboð í hópa - og svo verða sérkjör á gistingu ofangreindar helgar í tengslum við þessar veislur.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.

Icelandair hotel Klaustur

Sími 487 - 4900.